



FW_ Skor_ 113_2025

Mótttekið	21.7.2025 17:40:08
Búið til dags.	22.7.2025 15:34:36
Tilheyrir	 USK25070290 - Stjórnsýslukæra 113/2025 - SKOR
Frá	[REDACTED]
Til	[REDACTED]

Innihald

Sæl Magnea.

Big þig um að svara þessu með okkur.

Með kveðju,



Jón Ragnar Gunnarsson

Heilbrigðisfulltrúi

~~~~~

Sími: +354 411 1111

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Borgartúni 12

105 Reykjavík

[heilbrigdiseftirlit.reykjavik.is](http://heilbrigdiseftirlit.reykjavik.is)

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: [www.reykjavik.is/trunadur](http://www.reykjavik.is/trunadur)



**Regnbogavottun**

----- Original  
Message -----

**From:** uua@uua.is;

**Received:** Mon Jul 21 2025 17:32:46 GMT+0000 (Greenwich Mean Time)

**To:** [heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is](mailto:heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is) <[heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is](mailto:heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is)>;

**Subject:** Skor. 113/2025

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnýslukæru, móttækin 20. júlí 2025 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er ákvörðun frá 25. júní s.á. um að synja um tímabundinn aukinn opnunartíma, sem fengið hefur málsnúmerið 113/2025.

Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða, **þ. á m. fundargerðir, uppdrætti, umsóknir, samskipti við aðila máls og stofnanir**, og er stjórnvaldi jafnframt gefið kostur á að skila umsögn í málinu **innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkynningar**, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Óskast staðfest um móttöku.

*Með bestu kveðju,*

**Ingunn Einarsdóttir, lögfræðingur**

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála  
Borgartúni 21, Höfðaborg, 105 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 575 8710  
[www.uua.is](http://www.uua.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður  
Please consider the environment before printing

# KÆRA TIL ÚRSKURÐARNEFNDAR UMHVERFIS- OG AUÐLINDAMÁLA

20.7.2025 12:01

## 1. Kærandi/kærendur

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með hnappnum Bæta við kæranda. Ef fleiri koma að kæru þarf umboð frá meðkærendum ef kærán er ekki meðfylgjandi undirrituð skriflega af öllum aðilum.

|              |                |
|--------------|----------------|
| Fullt nafn   | Rollsinn ehf   |
| Kennitala    | 5609200670     |
| Heimilisfang | Grandagarður 9 |
| Póstnúmer    | 101            |
| Staður       | Reykjavík      |
| Sími         |                |
| Netfang      |                |

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Upplýsingum um félagafjölda. Samþykktum félagsins. Nýjustu ársskýrslu. Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

## 2. Umboðsmaður kæranda/kærenda ef við á

|              |  |
|--------------|--|
| Fullt nafn   |  |
| Kennitala    |  |
| Heimilisfang |  |
| Póstnúmer    |  |
| Sími         |  |
| Netfang      |  |
| Umboð        |  |

## 3. Kæruefni

Hér skal tilgreina hvaða ákvörðun, athafnaleysi, brot á þátttökurétti almennings eða önnur afgreiðsla stjórnvalds er kærð. Upplýsa skal hvaða stjórnvald tók hina kærðu ákvörðun og hvenær ákvörðunin var tekin.

|                                                 |                                                                                                              |
|-------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Efni kærunnar                                   | Kærð er ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að synja pílustaðnum Skor um tímabundin aukin opnunartíma. |
| Stjórnvald sem tók hina kærðu ákvörðun          | Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur                                                                              |
| Dagsetning ákvörðunar                           | 25.06.2025                                                                                                   |
| Kæruheimild (ef þær upplýsingar eru til staðar) |                                                                                                              |

## 4. Kröfugerð (hvers krefst kærandi?)

Sem dæmi má nefna krafa um að ákvörðun verði felld úr gildi eða hluta, að viðkomandi stjórnvald aðhafist, að tiltekna framkvæmdir verði stöðvaðar eða að réttaráhrifum ákvörðunar verði frestað. Tekið skal fram að úrskurðarnefndin úrskurðar um lögmæti kærðrar ákvörðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða breytir ákvörðunum.

- Að ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 25.06.2025 verði felld úr gildi á grundvelli þess að hún byggir á ófullnægjandi rannsókn og taki ekki tillit til fyrri úrskurða UUA.
- Málið verði endursent til nýrrar meðferðar hjá HER þar sem lagt verði sjálfstætt og efnislegt mat á umsókn kæranda í ljósi núverandi aðstæðna, í samræmi við bæði rannsóknarreglu stjórnsýsluréttar og leiðbeiningar úr fyrri úrskurð UUA.
- Að UUA árétti skyldur stjórnvalda til að framkvæma heildstæða rannsókn þegar um er að ræða íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun, sem hefur verulega fjárhagslega og rekstrarlega þýðingu fyrir kæranda.

## 5. Hagsmunir kæranda/kærenda

Hvaða áhrif hefur hin kærða ákvörðun á hagsmuni kæranda/kærenda?

Hin kærða ákvörðun hefur verulega íþyngjandi áhrif á rekstur kæranda. Kærandi rekur veitingastað sem byggir að stórum hluta á kvöldsölu, sérstaklega um helgar. Synjun á tímabundinni og hóflegri rýmkun opnunartíma, þrátt fyrir aðgerðir til að draga úr ónæði hefur leitt til gífurlegs tjóns fyrir félagið.

Afleiðingarnar eru það alvarlegar að kærandi hefur neyðst til að segja upp leigusamningi og undirbúa flutning. Ákvörðunin hindrar þannig rekstrarlegt svigrúm til að brúa tímabil fram að flutningi, og skapar raunverulega hættu á að fyrirtækið verði gjaldþrota áður en starfsemi getur hafist að nýju.

## 6. Kærufrestur

Hvenær (og hvernig) vissi kærandi/kærendur af hinni kærðu ákvörðun

25 júní 2025. Tölvupóstur frá fultrúa HER.

## 7. Rökstuðningur fyrir kæru

1.  
Rök HER fyrir synjun er eins og áður að skv. mælingu árið 2023 taldi fulltrúi að hljóð bærast af Skor upp í íbúð. Í fyrri kærum höfum við rakið að sú mæling var illa framkvæmd og fylgdi ekki stöðlum. Við lítum framhjá því í þessari kæru og gefum okkur að hún hafi verið fullkomin í alla staði. Síðan sú mæling var gerð var ráðist í eftirfarandi hluti til að bæta hljóðvist á staðnum.

- Hljóðísogsplötur á stærstan flöt alrýmis
- Box í box lausn smíðuð í píluherbergi framan við einkaherbergi.
- Allt flöt slitið frá veggjum
- Einangrun sett í loftræstingu í einkaherbergi.
- Tvöfalt gler sett í einkaherbergi.

Þessar framkvæmdir voru dæmdar fullnægjandi af HER þegar Skor var veitt leyfi með hefbundnum opnunartíma árið 2024. Nágrönnum var boðið að taka þátt í hljóðmælingum en neituðu því og var því hefðbundið leyfi gefið út í Janúar 2024. ÚUA fellir svo þá ákvörðun HER í júlí 2024 og erum við á sama stað ári síðar. Síðasta leyfisumsókn var hafnað af HER 25 júní 2025 á grundvelli hljóðmælingar 2023 og að nágrannar neiti enn aðgangi til hljóðmælinga.

Þrátt fyrir það segja þau í svarbréfi sínu: "Íbúar hafa fengið sendan úrskurð ÚUA nr. 24/2025 og eru því upplýstir um hvert synjun um aðgang að íbúðum til hljóðmælinga getur leitt.". Það kom mjög skýrt fram í seinasta úrskurði ÚUA að HER hefði enga aðra kosti en að veita leyfi ef mælingum eftir úrbætur er stöðugt neitað.

## 8. Forsaga

Hefur málið áður verið kært til úrskurðarnefndarinnar eða annars stjórnvalds eða verið til meðferðar fyrir dómstólum eða hjá umboðsmanni Alþingis?

Já

Já, ÚUA úrskurðaði síðast 13 maí í þessu máli. Því var skotið til umboðsmanns Alþingis fyrir skömmu en UA vill úrskurð ÚUA fyrst vegna þessarar nýjustu höfnun HER.

## 9. Fylgiskjalalisti

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

|               |                                               |
|---------------|-----------------------------------------------|
| Lýsing skjals | Umsókn Skor um aukin opnunartíma              |
| Númer skjals: | 1                                             |
| Fylgiskjal    | Umsókn um tímabundna rýmkun á opnunartíma.pdf |

## 9. Fylgiskjalalisti<sup>2</sup>

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

|               |                                              |
|---------------|----------------------------------------------|
| Lýsing skjals | Svar HER við umsókn                          |
| Númer skjals: | 2                                            |
| Fylgiskjal    | Skor svar við rýmkun opnunartíma júní 25.pdf |



## Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála  
Borgartúni 21  
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. ágúst 2025

2025070277

**Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í málinu nr. 113/2025, kæra Rollsins ehf., Grandagarði 9, 101 Reykjavík, móttækin, dags. 21. júlí 2025.**

**Kærð er ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 25. júní 2025, um að synja SKOR um tímabundna rýmkun á opnunartíma.**

### Málavextir

Mál veitingastaðarins SKOR á sér forsögu og er vísað til fyrri greinargerða Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (hér eftir HER) í kærumálum úrskurðarnefndar Umhverfis- og auðlindamála (ÚUA) nr. 24/2025, 57/2024, 42/2023, 102/2022 og 77/2022 þar sem málsatvik eru rakin til 11. febrúar 2025 (sjá fylgiskjöl nr. 1-5).

Þann 3. júní 2025 barst HER umsókn um tímabundna rýmkun á opnunartíma SKOR. Sótt var um opnun til kl. 23:00 alla virka daga og til kl. 00:00 föstudaga og laugardaga. Óskað var eftir að rýmkunin gildi fram til 15. janúar 2026.

Ekki var að sjá af umsókninni að frekari úrbætur hafi átt sér stað í húsnæðinu frá því að úttekt HER á hljóðvistarúrbótum í húsnæði SKOR var framkvæmd þann 7. janúar 2025. Úttektin staðfesti að settar hafa verið upp einangrunarplötur í hluta lofts Geirsgötumegin, fyrir neðan íbúð 205 og við pílubása í nánd við íbúðina sem og í aðalrými staðarins. Skor hóf að klæða loftið með umræddum plötum, fyrir umsókn um rýmkaðan opnunartíma dags. 10. janúar 2024, og er því um að ræða framhald af þeim aðgerðum. Samkvæmt eftirlitsskýrslu þekja loftaplöturnar nú stærra svæði loftsins en enn er loftið ekki klætt að fullu. Í eftirlitsskýrslu HER dags. 14. febrúar 2024 kom einnig fram að bæta þurfi frágang í kringum lagnir, en hljóð berst í gegnum öll göt á hljóðeinangrun. Við eftirlit þann 7. janúar sl. var staðfest að frágangur í kringum rör er óbreyttur frá 14. febrúar 2024. Frágangi kringum rör og lagnir er því enn ábótavant.

Í eftirlitinu þann 7. janúar s.l. voru sömuleiðis staðfestar aðrar ráðstafanir sem rekstraraðili hefur gert, sem hann telur að bæti hljóðvist. Loftræstitúða er komin á op í lofti fyrir framan sérherbergi, 3 hljóðdempandi hringir (ca 10 cm í þvermál hver) og bylgjulaga svampmillilag á vegg milli pílubása fyrir framan sérherbergi. Jafnframt tiltók rekstraraðili að nýtt lag hafi verið sett á vegg sem eigi að hafa hljóðdempandi áhrif. Gluggatjöld eru til staðar á staðnum en hafa við eftirlit ávallt verið frádregin. HER benti á að gluggatjöldin þurfi að vera dregin fyrir til að hafa fulla virkni. Ennfremur fylgdu engin gögn með umsókninni sem að styðja við fullyrðingar um hljóðdempandi eiginleika umræddra úrbóta en við skynmat var hvorki að sjá né heyra að hljóðdempandi hringir hafi umtalsverð áhrif í að bæta hljóðvistina. Veggur á káriókiherbergi er óbreyttur frá fyrra eftirliti og engar hljóðdempandi lausnir eru á þeim vegg.



## Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Í eftirlitsskýrslunni er einnig getið um fleiri frávík. Þannig var óskað eftir því í eftirliti þann 25. maí 2024 að skilað yrði inn útbótaáætlun varðandi ómtíma í rými fyrir framan sérherbergi og var frestur til þessa veittur til 9. ágúst 2024. Sú úrbótaáætlun hefur enn ekki borist HER. Að sama skapi upplýstu rekstraraðilar í eftirliti þann 14. febrúar 2024 um breytingar á hljóðkerfi inni í sérrými Skor, þ.e. litlir hátalarar höfðu verið settir upp og til stóð að taka niður stærri hátalara í rýminu. Í eftirliti 7. janúar sl. höfðu stærri hátalararnir ekki verið fjarlægðir og voru þeir í sambandi. Ennfremur er hljóðgildra í káriókiherbergi ekki virk þar sem önnur af tveimur hurðum herbergisins hefur verið fjarlægð. Þá hefur húseigandi ekki rannsakað hvort steikingarlykt sé að berast upp í íbúðir samkvæmt rekstraraðila, þrátt fyrir kvartanir þess efnis.

Þann 29. mars sl. fóru heilbrigðisfulltrúar í eftirlit á staðinn SKOR vegna hávaðakvörtunar og var þá staðfest að frekari úrbætur hefðu ekki átt sér stað eftir úttekt HER í janúar sl.

Með bréfi dags. 25. júní 2025 hafnaði HER umsókn Rollsins ehf. um tímabundna rýmkun opnunartíma staðarins SKOR, sbr. fylgiskjal 6. Byggði synjunin á þeim kröfum sem settar voru fram í niðurstöðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (ÚUA) nr. 102/2022 þar sem felld var úr gildi ákvörðun HER um rýmkun opnunartíma SKOR þar sem ekki lágu fyrir hljóðmælingar eða skynmat sambærilegt því sem eftirlitið aflaði árið 2023 sem stutt gátu þá ákvörðun. Í bréfinu segir: „Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur óskað eftir því við íbúa á hæðum fyrir ofan Skor að fá aðgengi til hljóðmælinga en því hefur annað hvort verið hafnað eða ekki svarað. Ekki hefur því verið hægt að meta raunverulegt ónæði frá staðnum. Kvartanir halda áfram að berast frá íbúum í íbúðum 205 og 301 vegna ónæðis frá staðnum. Kvartað er undan hávaða frá gestum, hávaða frá tónlist, kútahljóðum og steikingarlykt frá staðnum. Íbúar hafa fengið sendan úrskurð ÚUA nr. 24/2025 og eru því upplýstir um hvert synjun um aðgang að íbúðum til hljóðmælinga getur leitt“, sbr. fylgiskjal 7.

### Málsástæður og kröfugerð

Kærandi krefst þess að ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 25. júní 2025 verði felld úr gildi. Þá krefst kærandi þess að málið verði endursent til nýrrar meðferðar hjá HER auk sem farið er fram á að ÚUA árétti skyldur stjórnvalda til að framkvæma heildstæða rannsókn þegar um er að ræða íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fer fram á að kröfum kæranda verði hafnað eða vísað frá.

### Afstaða Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Í kjölfar niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar í máli nr. 102/2022 voru gerðar nákvæmar mælingar á hávaða frá veitingastaðnum Skor. Þær mælingar sýndu að ekki hafði verið unnt að meta raunverulegt ónæði af starfseminni fyrr en að loknum mælingum í íbúðum á 2. hæð hússins sem stóðu yfir í þrjár vikur samfleytt í apríl 2023. Samkvæmt hljóðskýrslu sem unnin var eftir hljóðmælingar og skynmat í september s.á. í sömu íbúðum voru aðstæður enn metnar óviðunandi. Í niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar í máli nr. 57/2024 var felld úr gildi ákvörðun HER um að aflétta takmörkunum á opnunartíma samkvæmt starfsleyfi Skor. Var í því máli í grundvallaratriðum um sömu málsatvik að ræða og þau er voru til úrlausnar í máli nr. 24/2025 auk þeirra er nú sæta kæru. Umsókn rekstraraðila dags. 10. janúar 2024 byggði á því að ráðist hefði verið í umfangsmiklar hljóðeinangrandi aðgerðir á staðnum og staðfesti HER í eftirliti 14. febrúar s.á. að úrbætur höfðu verið gerðar í miðrými veitingastaðarins, sérstaklega undir íbúðum með hljóðeinangrandi hljóðisogsplötum. Þá höfðu verið gerðar úrbætur á sérherbergi; loftræstingu og breytingar á hljóðkerfi í sérherbergi. Í eftirlitinu kom fram að úrbótum væri ekki að fullu lokið. Ekki fékkst heimild eigenda íbúða á 2. hæð hússins fyrir hljóðmælingu. Með úrskurði



## Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

nr. 57/2024 sem kveðinn var upp 24. júlí 2024, felldi úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála úr gildi ákvörðun HER dags. 27. febrúar 2024 um að rýmka opnunartíma staðarins til kl. 23 sunnudaga til fimmtudaga og til kl. 01 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og frídaga þar sem engar hljóðmælingar eða skynmat sambærilegt því sem framkvæmt var árið 2023 lá fyrir sem stutt gat þá ákvörðun HER.

Hinn 9. september 2024 barst heilbrigðiseftirlitinu umsókn um breytingu á starfsleyfisskilyrðum veitingastaðarins með auknum opnunartíma. Sótt var um opnun til kl. 23:00 alla virka daga og til 01:00 um helgar, að undanskildu einkaherbergi sem loka skyldi kl. 22:00 virka daga og kl. 23:00 um helgar. Til vara var sótt um opnun til kl. 23:00 alla virka daga og til 00:00 um helgar, að undanskildu einkaherbergi sem skyldi loka kl. 22:00 virka daga og kl. 23:00 um helgar. Þess ber að geta að varakröfur kæranda 9. september 2024 eru samhljóða þeim opnunartíma sem nú er óskað eftir að því undanskyldu að nú er sótt um sama opnunartíma fyrir allan staðinn, þ.e. opnunartími í sérherbergi staðarins myndi vera sá sami. Umsókninni var hafnað þann 10. janúar 2025 m.a. með vísan til hljóðmælinga sem gerðar voru í kjölfar úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 102/2022. Þær mælingar hafi sýnt að ekki hafi verið hægt að meta raunveruleg áhrif á ónæði frá staðnum fyrr en að loknum mælingum í íbúð á 2. hæð hússins sem staðið hafi yfir í þrjár vikur í apríl 2023 og mælingum og skynmati í september s.á. Þær mælingar hafi sýnt að aðstæður voru metnar óviðunandi. Engar sambærilegar mælingar eða skynmat hafi farið fram eftir það sem stutt geti ákvörðun um lengingu opnunartíma enda hafi HER verið meinaður aðgangur að íbúðum hússins til hljóðmælinga.

Synjun HER var skotið til ÚUA sem staðfesti ákvörðunin í úrskurði nr. 24/2025. Í niðurstöðu úrskurðarins segir m.a.: „*Fram hefur komið að íbúar í fjölbýlishúsinu þar sem veitingastaður kæranda er staðsettur hafa ekki fallist á að mælingar fari fram í íbúðum þeirra en slíkar mælingar geta falið í sér röskun á persónulegum högum. Hefði heilbrigðiseftirlitinu við þessar aðstæður verið rétt að upplýsa hlutaðeigandi með skýrum hætti um að synjun um að veita aðgang að íbúðum til hljóðmælinga geti leitt til þess að ófullkomnar upplýsingar verði lagðar til grundvallar við mat á aðstæðum. Þetta hefði þó einkum þýðingu ef talið væri að áður hafi verið gerðar fullnægjandi úrbætur á hljóðeinangrun eða hljóðvist.*“ Þó ÚUA taldi að finna mætti að rökstuðningi hinnar kærðu ákvörðunar var ekki talin ástæða til að raska gildi hennar þar sem hún breytti ekki réttarstöðu kæranda.

Íbúar í fjölbýlishúsinu að Geirsgötu 2-4 hafa fengið afhentan úrskurð ÚUA nr. 24/2025 og eru því upplýstir um að synjun um aðgang að íbúðum til hljóðmælinga geti leitt til þess að ákvörðun verði tekin um opnunartíma SKOR á grundvelli ófullnægjandi gagna. Þrátt fyrir að áður framlögð gögn og úttektir HER sýni að gripið hefði verið til ráðstafana til að bæta hljóðvist SKOR þá geta þau gögn ein og sér ekki sýnt fram á að þær bæti hljóðvist staðarins þannig að komið sé í veg fyrir að íbúar hússins verði fyrir ónæði vegna starfseminnar, sbr. úrskurð ÚUA nr. 57/2024. Líkt og ítarlega er rakið í málsatvikalýsingu hefur kærandi ekki orðið að fullu við þeim tilmælum um úrbætur sem þeim hefur verið leiðbeint um. Jafnframt hafa kvartanir vegna hávaða og steikingarbrælu haldið áfram að berast eftirlitinu, sbr. fylgiskjal 8. Er það því enn mat HER að þær úrbætur sem kærandi hefur ráðist í séu ófullnægjandi til að tryggja að starfsemi kæranda valdi ekki óviðunandi grenndaráhrifum.

HER áréttar að í 8. gr. reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða kemur fram að forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða. Ónæði er skilgreint sem veruleg og/eða ítrekuð truflun eða áreiti sem tilheyrir ekki því umhverfi sem um ræðir.



### Niðurstaða

Í ljósi framangreinds hefur ekkert komið fram sem getur valdið ógildingu hinnar kærðu ákvörðunar og ítrekar Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þá kröfu sína að úrskurðarnefndin hafni kröfum kæranda í málinu. Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru og í umsögn þessari er þess óskað að Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

Virðingarfyllt

F.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,  
Óskar Ísfeld Sigurðsson  
Deildarstjóri matvælaeftirlits



Árið 2025, föstudaginn 10. október, kom úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála saman til fundar í húsnæði nefndarinnar að Borgartúni 21, Reykjavík. Mætt voru Unnþór Jónsson settur varaformaður, Karólína Finnbjörnsdóttir lögmaður og Þorsteinn Þorsteinsson byggingarverkfræðingur.

**Fyrir var tekið mál nr. 113/2025, kæra á ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 25. júní 2025 um að synja umsókn um tímabundinn aukinn opnunartíma fyrir veitingastaðinn Skor að Kolagötu 1.**

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

### úrskurður:

Með kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, er barst nefndinni 20. júlí 2025, kærir Rollsinn ehf. þá ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 25. júní 2025 að synja umsókn um tímabundinn aukinn opnunartíma fyrir veitingastaðinn Skor að Kolagötu 1. Er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi. Jafnframt er þess krafist að málið verði sent til nýrrar meðferðar hjá heilbrigðiseftirlitinu og að úrskurðarnefndin árétti skyldur stjórnvaldsins til að framkvæma heildstæða rannsókn í málinu.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur 19. ágúst 2025.

**Málavextir:** Mál veitingastaðarins Skors á sér þó nokkra forsögu hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Hinn 29. mars 2023 kvað nefndin upp úrskurð í máli nr. 102/2022 þar sem felld var úr gildi ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 5. ágúst 2022 um að gefa út starfsleyfi til 12 ára til að reka veitingastað í flokki II að Kolagötu 1 (áður Geirsgötu 2). Var niðurstaðan á því byggð að undirbúningi og rannsókn hinnar kærðu ákvörðunar hafi verið hagað með þeim hætti að ekki hafi verið uppfyllt skilyrði 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Hinn 31. mars 2023 var kæranda veitt tímabundið starfsleyfi til reksturs veitingastaðarins til þriggja mánaða á meðan brugðist væri við fyrrgreindri niðurstöðu nefndarinnar. Með úrskurði, uppkveðnum 22. maí s.á. í máli nr. 42/2023, hafnaði nefndin kröfu um að hið tímabundna starfsleyfi yrði felld úr gildi þar sem fallist var á með heilbrigðiseftirlitinu að til þess að rannsaka málið með fullnægjandi hætti hafi reynst nauðsynlegt að gefa út tímabundið starfsleyfi. Fram kom í úrskurðinum að niðurstöður hávaðamælinga yrðu grundvöllur ákvörðunar um það hvort starfsleyfi til veitingastaðarins yrði gefið út til lengri tíma eða ekki.

Í apríl 2023 voru gerðar hljóðmælingar í íbúð 201 að Kolagötu 1 með síritandi hljóðmæli og stóðu þær yfir í þrjár vikur. Voru niðurstöður mælinganna þær að aðstæður í íbúðinni væru metnar heilsuspillandi. Hinn 31. maí s.á. barst Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur úrbótaáætlun frá kæranda sem sótti í framhaldinu um tímabundið starfsleyfi þar sem fyrir lá að ekki næðist að ljúka úrbótum áður en gildistími tímabundins starfsleyfis staðarins frá 31. mars 2023 rynni út í lok júní s.á. Heilbrigðiseftirlitið varð við beiðni hans og veitti veitingastaðnum tímabundið starfsleyfi 27. júní s.á. til þriggja mánaða með takmörkun á hljóðstigi við 75 dB(A) í miðrými

staðarins og takmarkaði opnunartíma til kl. 22:00 alla daga vikunnar. Var kærandi upplýstur um að takmörkunum yrði ekki aflétt fyrr en hægt væri að staðfesta að úrbætur hefðu skilað tilætluðum árangri. Hinn 26. júlí s.á. lýsti kærandi því yfir að úrbótum væri lokið og óskaði eftir að heilbrigðiseftirlitið kæmi til hljóðmælinga til að staðfesta úrbæturnar. Heilbrigðiseftirlitið hafði samband við eigendur íbúða 201 og 205 að Kolagötu 1, en íbúð 201 var komin í útleigu og eigendur íbúðar 205 voru í sumarleyfi. Fór Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur 30. ágúst 2023 í eftirlit á veitingastaðnum og kannaði úrbætur á hljóðvist. Í eftirlitsskýrslu kemur fram að teppi séu komin undir bjórkúta og að úrbætur hafi verið gerðar samkvæmt ráðleggingum hljóðsérfræðings staðarins, en frágangur í lofti staðarins væri óbreyttur að sjá. Settur hafi verið upp siritandi hljóðmælir í miðrými staðarins.

Heilbrigðiseftirlitið fór til hljóðmælinga og skynmats í íbúðum 201 og 205 að Kolagötu 1 hinn 15. september 2023. Sýndu niðurstöður þeirra mælinga að þær úrbætur sem kærandi hafði ráðist í uppfylltu ekki kröfur um hljóðeinangrun milli hæða. Hljóðstig veitingastaðarins jókst með auknum gestafjölda og hljóðmælir staðsettur í meginrými staðarins sýndi að hljóðstig fór almennt vaxandi eftir því sem leið á kvöldið. Var ónæði og hávaði metinn heilsuspillandi í báðum íbúðum. Í íbúð 201 mátti greina söng gesta í karókiherbergi og í íbúð sem staðsett er yfir miðrými staðarins mátti heyra hróp, köll og skelli frá starfseminni.

Kærandi sótti um starfsleyfi fyrir rekstur veitingastaðarins til 12 ára hinn 21. september 2023 og 26. s.m. tók heilbrigðiseftirlitið ákvörðun um að framlengja gildistíma tímabundins starfsleyfis frá 30. júní til 15. nóvember s.á. með sömu skilyrðum og takmörkunum á opnunartíma, þ.e. til kl. 22:00 sunnudaga til fimmtudaga og til kl. 23:00 föstudaga, laugardaga og aðfaranætur frídaga. Afgreiðslu fyrirbyggjandi umsóknar var frestað þar sem hljóðmælingar hefðu ekki farið fram í íbúð 205. Hljóðmælingar og skynmat fóru fram í íbúðinni 29. september 2023 og var unnin hljóðskýrsla út frá gögnum sem safnað var við heimsóknir í íbúðir 201 og 205. Helstu niðurstöður voru þær að enn væri ónæði í íbúðunum. Í íbúð 201 mátti heyra söng gesta í karókiherbergi og í báðum íbúðunum heyrðust hróp og köll frá gestum.

Hinn 14. nóvember 2023 sendi heilbrigðiseftirlitið tölvupóst á íbúðaeigendur og húsfélag Kolagötu 1 varðandi fyrirhugaða veitingu starfsleyfis fyrir veitingastaðinn til 12 ára með þeim takmörkunum að opnunartími væri til kl. 22:00 sunnudaga til fimmtudaga og til kl. 23:00 föstudaga, laugardaga og aðfaranætur frídaga. Ekki bárust athugasemdir frá íbúum Kolagötu 1 vegna hinnar fyrirhuguðu ákvörðunar. Frá apríl 2023 til 15. nóvember s.á. bárust 45 kvartanir frá íbúum hússins vegna starfseminnar. Á afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur 15. nóvember s.á. var samþykkt að veita kæranda starfsleyfi fyrir veitingastaðinn til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum fyrir samkomustaði og sértækum starfsleyfisskilyrðum. Til að takmarka ónæði voru gerðar kröfur um að jafngildishljóðstig tónlistar í miðrými skyldi ekki fara yfir 80 dB(A) og að hljóðkerfi skyldi vera með búnað til að fyrirbyggja að það gæti gefið af sér hærri hljóðstig en leyfilegt væri. Notkun karókiherbergis staðarins var ekki lengur heimil.

Hinn 10. janúar 2024 sótti kærandi um að opnunartími veitingastaðarins yrði til samræmis við heimilaðan opnunartíma skipulagsyfirvalda á svæðinu, þ.e. til kl. 23:00 alla virka daga og til kl. 01:00 um helgar. Kom fram í umsókninni að ráðist hefði verið í umfangsmiklar hljóðeinangrandi aðgerðir á staðnum og að áfram yrði ekki boðið upp á karóki. Heilbrigðiseftirlitið fór í sérstakt eftirlit á veitingastaðnum 14. febrúar s.á. að beiðni kæranda til að taka út þær úrbætur sem lýst var í umsókn um breytingu á starfsleyfi staðarins. Í eftirlitsskýrslu er því lýst að úrbætur hafi verið gerðar á hljóðeinangrun í miðrými staðarins, sérstaklega undir íbúðum með hljóðeinangrandi ísogsplötum. Einnig hafi verið gerðar úrbætur á loftræsingum og hljóðkerfi í sérherbergi, en úrbótum væri ekki að fullu lokið.

Á afgreiðslufundi heilbrigðiseftirlitsins 27. febrúar 2024 var samþykkt að aflétta takmörkunum að hluta og heimila opnunartíma veitingastaðarins til kl. 23:00 sunnudaga til fimmtudaga og til kl. 01:00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og frídaga, sem er sami opnunartími og heimilaður er í skipulagi Reykjavíkurborgar fyrir veitingastaði á þessu svæði. Til að lágmarka ónæði í nærliggjandi íbúðabyggð voru eftirfarandi takmarkanir settar á starfsemi staðarins: 60 mínútna jafngildishljóðstig tónlistar í miðrými skyldi ekki fara yfir 80 dB(A) og hljóðkerfi skyldi vera með búnað til að fyrirbyggja að hægt sé að spila hærra hljóðstig en leyfilegt er. Opnunartími sérherbergis var takmarkaður til kl. 00:00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og frídaga. Ástundun pílukasts á staðnum skyldi miðast við sömu tímamörk. Karókestarfsemi í sérherbergi staðarins var ekki leyfð. Önnur starfsemi var heimiluð með takmörkunum á opnunartíma sérherbergis. Íbúi að Kolagötu 1 kærði þá ákvörðun til úrskurðarnefndarinnar sem felldi hana úr gildi með úrskurði, uppkveðnum 24. júlí 2024 í máli nr. 57/2025, á þeim grundvelli að ekki hafi verið með viðhlítandi hætti gengið úr skugga um hvort hávaði í íbúð kæranda væri innan þeirra marka sem sett eru í lögum og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Hafi rannsókn máls við undirbúning hinnar kærðu ákvörðunar að því leyti verið ábótavant.

Hinn 9. september 2024 barst heilbrigðiseftirlitinu umsókn um breytingu á starfsleyfis-skilyrðum veitingastaðarins að því er varðaði aukinn opnunartíma. Sótt var um opnun til kl. 23:00 alla virka daga og til 01:00 um helgar, að undanskildu einkaherbergi sem loka skyldi kl. 22:00 virka daga og kl. 23:00 um helgar. Til vara var sótt um opnun til kl. 23:00 alla virka daga og til 00:00 um helgar, að undanskildu einkaherbergi sem skyldi loka kl. 22:00 virka daga og kl. 23:00 um helgar. Umsókninni var hafnað 10. janúar 2025 m.a. með vísan til hljóðmælinga sem gerðar hafi verið í kjölfar úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 102/2022. Þær mælingar hafi sýnt að ekki hafi verið hægt að meta raunveruleg áhrif á ónæði frá staðnum fyrr en að loknum mælingum í íbúð á 2. hæð hússins sem staðið hafi yfir í þrjár vikur í apríl 2023 og mælingum og skynmati í september s.á. Þær mælingar hafi sýnt að aðstæður voru metnar óviðunandi. Engar sambærilegar mælingar eða skynmat hafi farið fram eftir það sem stutt geti ákvörðun um lengri opnunartíma. Kærandi þessa máls kærði þá ákvörðun til úrskurðarnefndarinnar sem með úrskurði 13. maí 2025 í máli nr. 24/2025 hafnaði kröfu um ógildingu hennar. Taldi nefndin að þótt finna mætti að rökstuðningi ákvörðunarinnar yrði þó ekki talin ástæða til að raska gildi hennar.

Hinn 3. júní 2025 barst Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur að nýju umsókn kæranda um tímabundna rýmkun á opnunartíma umrædds veitingastaðar. Sótt var um opnun til kl. 23:00 alla virka daga og til kl. 00:00 föstudaga og laugardaga. Óskað var eftir að rýmkunin gildi fram til 15. janúar 2026. Með bréfi, dags. 25. júní 2025, hafnaði heilbrigðiseftirlitið beiðninni. Var þar vísað til þess að í úrskurði úrskurðarnefndarinnar í máli nr. 57/2024 hafi komið fram að samkvæmt hljóðskýrslu vegna hljóðmælinga og skynmats í september 2023 hafi aðstæður í íbúðum á 2. hæð Kolagötu 1, þ.e. íbúðum 201 og 205, verið metnar óviðunandi. Jafnframt hafi nefndin vísað til þess að engar sambærilegar hljóðmælingar eða skynmat hafi farið fram sem stutt gæti þá ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins að lengja opnunartíma staðarins. Þá kemur fram í bréfi heilbrigðiseftirlitsins að með því hafi úrskurðarnefndin lagt skýrar línur um hvað þurfi að liggja til grundvallar rýmri opnunartíma, n.t.t. að lagt yrði að nýju mat á ónæði frá starfseminni með því að endurtaka það skynmat og hljóðmælingar úr íbúðum 201 og 205 sem hafi legið til grundvallar takmörkun á opnunartíma staðarins. Því næst sagði:

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur óskað eftir því við íbúa á hæðum fyrir ofan Skor að fá aðgengi til hljóðmælinga en því hefur annað hvort verið hafnað eða ekki svarað. Ekki hefur því verið hægt að meta raunverulegt ónæði frá staðnum. Kvartanir halda

áfram að berast frá íbúum í íbúðum 205 og 301 vegna ónæðis frá staðnum. Kvartað er undan hávaða frá gestum, hávaða frá tónlist, kútahljóðum og steikingarlykt frá staðnum. Íbúar hafa fengið sendan úrskurð ÚUA nr. 24/2025 og eru því upplýstir um hvert synjun um aðgang að íbúðum til hljóðmælinga getur leitt.

Var niðurstaða heilbrigðiseftirlitsins sú að hafna umsókn kæranda um rýmri opnunartíma veitingastaðarins Skors. Er það hin kærða ákvörðun í máli þessu.

**Málsrök kæranda:** Kærandi telur að rökstuðningur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir synjun umsóknar kæranda um rýmri opnunartíma sé eins og áður byggður á hljóðmælingu frá árinu 2023. Í fyrri málum hjá nefndinni hafi kærandi rakið að sú mæling hafi verið illa framkvæmd og ekki fylgt stöðlum. Frá þeim tíma sem sú mæling hafi verið gerð, sem ákvörðunin byggir á, hafi verið lagst í framkvæmdir til þess að bæta hljóðvist á staðnum. Meðal annars hafi verið komið fyrir hljóðsögsplötum á stærstan flöt alrýmis, box í box lausn smíðuð í píluherbergi framan við einkaherbergi, allt flöt slitið frá veggjum, einangrun sett í loftræstingu í einkaherbergi og tvöfalt gler sett í einkaherbergi. Þær framkvæmdir hafi verið sagðar fullnægjandi af heilbrigðiseftirlitinu þegar kæranda hafi verið veitt leyfi með hefðbundnum opnunartíma árið 2024. Nágrönnum hafi verið boðið að taka þátt í hljóðmælingum en hafnað því og hefðbundið leyfi því gefið út í janúar 2024. Úrskurðarnefndin hafi ógilt þá ákvörðun í júlí s.á og sé kærandi á sama stað ári síðar. Síðustu leyfisumsókn hafi verið hafnað af heilbrigðiseftirlitinu 25. júní 2025 á grundvelli sömu hljóðmælingar frá árinu 2023 og því að nágrannar neiti enn aðgangi að íbúðum fyrir hljóðmælingar. Þrátt fyrir það segi eftirlitið í svarbréfi sínu að íbúar hafi verið upplýstir um hvert synjun um aðgang að íbúðum til hljóðmælinga geti leitt. Það komi mjög skýrt fram í seinasta úrskurði nefndarinnar að heilbrigðiseftirlitið hafi enga aðra kosti en að veita leyfi ef mælingum eftir úrbætur sé stöðugt neitað.

**Málsrök Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur:** Í umsögn stjórnvaldsins eru raktar niðurstöður úrskurðarnefndarinnar í málum nr. 102/2022, 24/2025 og 57/2025. Ekki hafi verið að sjá af umsókn kæranda að frekari úrbætur hafi átt sér stað í húsnæðinu frá því að úttekt heilbrigðiseftirlitsins á hljóðvistarúrbótum í húsnæði veitingastaðarins Skors hafi verið framkvæmd 7. janúar 2025. Úttektin hafi staðfest að settar hafi verið upp einangrunarplötur í hluta lofts Kolagötumegin, fyrir neðan íbúð 202 og við pílubása í nánd við íbúðina sem og í aðalrými staðarins. Byrjað hafi verið á að klæða loftið með umræddum plötum fyrir umsókn um rýmkaðan opnunartíma 10. janúar 2024 og sé því um að ræða framhald af þeim aðgerðum. Samkvæmt eftirlitsskýrslu þeki loftplöturnar nú stærra svæði loftsins en enn sé loftið ekki klætt að fullu. Í eftirlitsskýrslu heilbrigðiseftirlitsins dags. 14. febrúar 2024, komi einnig fram að bæta þurfi frágang í kringum lagnir, því hljóð berist gegnum öll göt á hljóðeinangrun. Við eftirlit 7. janúar 2025 hafi verið staðfest að frágangur í kringum rör væri óbreyttur frá 14. febrúar 2024. Sé frágangi í kringum rör og lagnir því enn ábótavant.

Í eftirliti 7. janúar 2025 hafi aðrar ráðstafanir sem kærandi telji að bæti hljóðvist verið staðfestar. Þannig hafi loftræstitúðu verið komið fyrir á op í lofti fyrir framan sérherbergi og settir hafi verið þrír hljóðdempandi hringir og bylgjulaga svampmillilag á vegg milli pílubása fyrir framan sérherbergi. Jafnframt hafi rekstraraðili tiltekið að nýtt lag hafi verið sett á vegg sem eigi að hafa hljóðdempandi áhrif. Gluggatjöld hafi verið til staðar en hafi ávallt verið frádregin við eftirlitsheimsóknir. Hafi rekstraraðila verið bent á að gluggatjöldin þurfi að vera dregin fyrir til þess að hafa fulla virkni. Enn fremur hafi engin gögn fylgt umsókninni sem styðji við fullyrðingar um hljóðdempandi eiginleika umræddra úrbóta. Við skynmat hafi hvorki verið að sjá né heyra að hljóðdempandi hringirnir hefðu umtalsverð áhrif í að bæta hljóðvistina.

Veggur í sérherbergi hafi verið óbreyttur frá fyrra eftirliti og engar hljóðdempandi lausnir sé að finna á þeim vegg. Í skýrslu vegna eftirlitsins sé einnig getið um fleiri frávik. Þannig hafi verið óskað eftir því í eftirliti 25. maí 2024 að skilað yrði úrbótaáætlun varðandi ómtíma í rými fyrir framan sérherbergi og hafi frestur til þess verið til 9. ágúst s.á. Sú úrbótaáætlun hafi enn ekki borist. Í eftirliti frá 14. febrúar 2024 hafi kærandi upplýst heilbrigðiseftirlitið um breytingar á hljóðkerfi inni í sérherbergi. Litlir hátalarar hafi verið settir upp og til staði að taka niður stærri hátalarana í rýminu. Í eftirliti 7. janúar 2025 hafi stærri hátalararnir enn verið uppi og í sambandi. Enn fremur sé hljóðgildra í sérherbergi ekki virk þar sem önnur af tveimur hurðum herbergisins hafi verið fjarlægð. Hinn 29. mars 2025 hafi heilbrigðisfulltrúar farið í eftirlit vegna kvörtunar um hávaða og hafi þá verið staðfest að frekari úrbætur hefðu ekki átt sér stað eftir úttektina í janúar s.á.

Íbúar í fjölbýlishúsinu að Kolagötu 1 hafi verið upplýstir um að synjun um aðgang að íbúðum til hljóðmælinga geti leitt til þess að ákvörðun verði tekin um opnunartíma veitingastaðarins á grundvelli ófullnægjandi gagna. Þrátt fyrir að áður framlögð gögn og úttektir heilbrigðiseftirlitsins sýni að gripið hafi verið til ráðstafana til að bæta hljóðvist veitingastaðarins þá geti þau gögn ein og sér ekki sýnt fram á að þær bæti hljóðvist staðarins þannig að komið sé í veg fyrir að íbúar hússins verði fyrir ónæði vegna starfseminnar, sbr. úrskurð nefndarinnar í máli nr. 24/2025. Kærandi hafi ekki orðið að fullu við tilmælum um úrbætur sem þeim hafi verið leiðbeint um. Jafnframt hafi kvartanir vegna hávaða og steikingarbrælu haldið áfram að berast heilbrigðiseftirlitinu. Sé það því mat eftirlitsins að úrbætur þær sem kærandi hafi ráðist í séu ófullnægjandi til að tryggja að starfsemi veitingastaðarins valdi ekki óviðunandi grenndaráhrifum.

**Viðbótarathugasemdir kæranda:** Kærandi vísar til þess að engin eftirlitsskýrsla frá 25. maí 2023 hafi verið send til hans og sé því gert ráð fyrir að átt sé við skýrslu frá apríl s.á. Í þeirri skýrslu hafi verið óskað eftir viðbrögðum við athugasemdum um hljóð, lykt o.fl., en ekki hafi sérstaklega verið óskað eftir úrbótum vegna ómtíma. Þeirri skýrslu hafi verið svarað af hálfu kæranda 31. maí 2023. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafi svarað því með frekari spurningum og samþykkt aðgerðaáætlun um úrbætur. Í framhaldi af því hafi verið farið í framkvæmdir ásamt húseiganda sem kostað hafi á bilinu 10–15 milljónir kr. Viðurkenndar hljóðmælingar af verkfræðistofu með viðurkenndum búnaði hafi verið framkvæmdar fyrir og eftir aðgerðir og verkfræðistofa fengin til að hanna breytingar á veggjum og lofti í umræddu rými. Hljóðverkfræðingur hafi verið fenginn til þess að fara yfir athugasemdir sem gerðar hafi verið eftir reglubundið eftirlit heilbrigðiseftirlitsins 26. apríl 2023 og svari hann þeim athugasemdum sem þar hafi komið fram.

Hvergi í þeirri skýrslu sé óskað eftir „úrbótum um bættan ómtíma“ en starfsmaður kæranda sem hafi verið viðstaddur úttekt heilbrigðiseftirlitsins muni vissulega eftir samtali við fulltrúa á staðnum þar sem þetta hafi verið nefnt. Ómtími hafi verið bættur í rýminu eftir það eins og margoft hafi komið fram í samskiptum síðan þá. Ull hafi verið sett í loftin og hljóðdempandi lausnir settar á vegg. Kærandi hafi sent formlega ómtímamælingu til heilbrigðiseftirlitsins 5. ágúst 2022 að beiðni þess. Þar komi fram að ómtími sé ásættanlegur, þ.e. 0.5–1s sem oft sé notað sem viðmið fyrir skrifstofur og skólastofur. Farið hafi verið í aðgerðir til að bæta ómtíma og hafi eftirlitið ekki tekið eftir því. Í eftirlitsskýrslu frá 29. mars 2025 komi fram að ekkert ónæði hafi verið frá staðnum en að ómtími væri slæmur, en þar hafi verið um að ræða skynmat en ekki mælingu. Eins komi fram að engar auknar aðgerðir hafi verið gerðar síðan í heimsókn í janúar. Kærandi ítreki að ekki standi til að gera neinar frekari aðgerðir. Málsrök kæru snúi að því að heilbrigðiseftirlitið hafi ekki framkvæmt neinar mælingar eftir að kærandi hafi gert úrbætur.

**Niðurstaða:** Í máli þessu er deilt um þá ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 25. júní 2025 að synja umsókn um tímabundinn aukinn opnunartíma fyrir veitingastaðinn Skor að Kolagötu 1. Kæra barst innan kærufrests og er kæruehimild í 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Hlutverk úrskurðarnefndarinnar er að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana og í ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnatriða á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á því sviði, sbr. 1. gr. laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011. Í samræmi við það tekur úrskurðarnefndin lögmati kærðrar ákvörðunar til endurskoðunar en tekur allajafna ekki nýja ákvörðun í málinu eða leggur fyrir stjórnvöld að aðhafast með tilteknum hætti. Verður því eingöngu tekin til meðferðar sú ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins frá 25. júní 2025 að synja umsókn um tímabundinn aukinn opnunartíma fyrir veitingastaðinn.

Í 1. gr. laga nr. 7/1998 kemur fram að markmið laganna sé að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. Til að stuðla að framkvæmd mengunarvarnareftirlits er í 5. gr. laganna kveðið á um heimild til að setja reglugerð um hávaða og titring þar sem fram eiga að koma viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða og titring með hliðsjón af umhverfishávaða, sbr. 15. tl. greinarinnar. Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða er sett með stoð í þeirri lagaheimild. Í 6. gr. laga nr. 7/1998 er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sem talinn er í viðaukum I, II og IV við lögin, skuli hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út. Segir jafnframt í greininni að starfsleyfi skuli veitt starfsemi uppfylli hún þær kröfur sem til hennar eru gerðar samkvæmt lögnum og reglugerðum settum samkvæmt þeim að teknu tilliti til annarrar löggjafar. Er og tekið fram að allur atvinnurekstur sem sótt sé um starfsleyfi fyrir skuli vera í samræmi við skipulag. Í 13. gr. laga nr. 7/1998 er síðan mælt svo fyrir um að heilbrigðisnefndir beri ábyrgð á því að ákvæðum laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim sé fylgt eftir.

Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 724/2008. Getur þeim eftir atvikum verið gert að sýna fram á það með mælingum að hávaði frá starfsemi þeirra sé innan þeirra marka sem sett eru í skipulagi. Í 11. gr. reglugerðarinnar er auk þessa mælt fyrir um að heilbrigðisnefndir skuli eftir þörfum framkvæma eða láta framkvæma eftirlitsmælingar á hávaða, sem tilefni getur verið til vegna rökstuddra ábendinga. Verður samkvæmt þessu að leggja mat á það eftir bestu fáanlegu gögnum hversu líklegt sé að hávaði frá hinni umdeildu starfsemi verði innan þeirra viðmiðunarmarkna fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, þ.e. fyrir íbúðarhúsnæði á verslunar-, þjónustu- og miðsvæðum, sem koma fram í III. töflu í viðauka við reglugerð nr. 724/2008.

Að virtum sjónarmiðum kæranda og í ljósi forsögu málsins telur úrskurðarnefndin tilefni til þess að áréttta það sem fram kom í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 24/2025 að niðurstöður mælinga eins og þeirra sem fóru fram árið 2023 geti haft verulega þýðingu við mat á grenndaráhrifum. Í ljósi þess að íbúar í fjölbýlishúsinu þar sem veitingastaðurinn Skor er staðsettur höfðu ekki fallist á að mælingar færu fram í íbúðum þeirra var því beint til heilbrigðiseftirlits að við slíkar aðstæður væri rétt að upplýsa hlutaðeigandi með skýrum hætti um að synjun um að veita aðgang að íbúðum til hljóðmælinga geti leitt til þess að ófullkomnar upplýsingar verði lagðar til grundvallar við mat á aðstæðum. Íbúar fjölbýlishússins hafa nú verið upplýstir um framangreint, en eins og fram kom í niðurstöðu áður nefnds úrskurðar hefur

Þetta þó einkum þýðingu ef talið verður að áður hafi verið gerðar fullnægjandi úrbætur á hljóðeinangrun eða hljóðvist.

Eins og fram kemur í eftirlitsskýrslu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 14. febrúar 2024 þarf að mati stjórnvaldsins að bæta frágang í kringum rör. Samkvæmt skýrslu vegna eftirlits 7. janúar 2025 var frágangur í kringum rör á þeim tíma enn ófrágenginn. Í þeirri skýrslu er frekari frávikum lýst, s.s. að stærri hátalarar séu enn til staðar í sérherbergi þrátt fyrir að kærandi hafi í eftirliti í febrúar 2024 upplýst að til stæði að fjarlægja þá og að hljóðgildra í sérherbergi sé ekki virk þar sem önnur hurðin af tvöfaldri hurð hafi verið fjarlægð. Þá kemur fram í skýrslu vegna eftirlits 29. mars 2025 að ekki virðist sem unnið hafi verið að frekari úrbótum á hljóðvist frá því í síðustu eftirlitsferð í janúar. Að mati úrskurðarnefndarinnar hefur kærandi ekki sýnt fram á að hann hafi gripið til þeirra úrbóta sem heilbrigðiseftirlitið telur þörf á. Að því virtu verður fallist á það mat Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að þar sem kærandi hafi ekki að fullu orðið við þeim tilmælum sé ekki hægt að líta svo á að hljóðeinangrun eða hljóðvist veitingastaðarins sé fullnægjandi þannig að réttlætt geti rýmri opnunartíma. Þó verður að telja að þær forsendur hefðu mátt koma skýrar fram í bréfi heilbrigðiseftirlitsins frá 25. júní 2025 þegar kæranda var tilkynnt um þá ákvörðun að synja umsókn hans.

Með hliðsjón af framangreindu verður kröfu kæranda um ógildingu hinnar kærðu ákvörðunar hafnað.

#### Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu um að ógilda þá ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 25. júní 2025 að synja umsókn um tímabundinn aukinn opnunartíma fyrir veitingastaðinn Skor að Kolagötu 1.

---

Unnþór Jónsson (sign)

---

Karólína Finnbjörnsdóttir (sign)

---

Þorsteinn Þorsteinsson (sign)